



## Starfsáætlun 2014-2015

---



## Um leikskólann

Leikskólinn Núpur stendur við Núpalind 3. Hann er 708 m<sup>2</sup> að flatarmáli og flatarmál lóðar er 4077 m<sup>2</sup> á grunnteikningu, garðurinn var minnkaður lítið eitt árið 2002 en stækkaður við deildina Lund haustið 2005 þannig að hann er öðruvísi en grunnteikning segir til um en flatarmálið sennilega nærri lagi. Núpur er fimm deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. Tvær deildir eru fyrir fjögurra og fimm ára börn, tvær deildir fyrir tveggja og þriggja ára börn og ein deild fyrir tveggja ára eða yngri. Á yngstu deildinni er rými fyrir 16 börn. Á tveggja til þriggja ára deildunum er rými fyrir 20 börn á hvorri deild. Á eldri deildum er rými fyrir 26 börn á hvorri deild. Leikrými leikskólans er 462,2m<sup>2</sup> sem gerir 4,2 m<sup>2</sup> á barn.

## Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur- skipulag

Einkunnarorð leikskólans Núps eru “sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði”. Í þeim felast áherslur og markmið leikskólans sem eru útfærð í samverustundum, þemavinnu, vali og þeim vinnuaðferðum sem er beitt í skólastarfinu.

### Sjálfstæði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að vera óháður öðrum.

Við viljum:

- að barnið verði sjálfstæður einstaklingur sem þekki sín takmörk í samskiptum við aðra og finni möguleika sína til þróunar andlega og líkamlega.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið geti sem mest valið sjálft þau viðfangsefni sem það vill fást við.
- að leikskólakennarinn hjálpi barninu til sjálfshjálpar þannig að það öðlist sjálfstæði.
- að börnin læra að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt þannig að allir verði sáttir.

### Sköpun:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það að skapa, búa til.

Við viljum:

- að barnið verði skapandi og frjór einstaklingur sem sér möguleikana og telur að hindranir séu til að sigrast á.
- að leikskólinn skapi þær aðstæður að barnið fái notið sköpunargleði sinnar.
- að leikskólakennarinn styðji og styrki sjálfstæða sköpun barnsins þannig að það geti skapað á eigin forsendum í samvinnu og samskiptum við aðra.
- að umhverfið yti undir og gefi tækifæri á skapandi hugsun og aukins hugmyndaflugs.

### Samvinna:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það samstarf þar sem menn vinna saman og hjálpa hver öðrum.

Við viljum:

- að börnin læri að vinna saman.
- að barnið í gegnum samvinnu öðlist betri sjálfsþekkingu.
- að samskipti í leikskólanum miðist við samvinnu og samhjálp.
- að leikskólakennarinn hjálpi börnunum að vinna saman í að eiga góð samskipti.
- að leikskólakennarinn verði börnum góð fyrirmynd í samvinnu og samskiptum.
- að umhverfið í leikskólanum verði hvetjandi til samvinnu og samhjálpar.

## Gleði:

Samkvæmt íslenskri orðabók þýðir það ánægja, gott skap.

Við viljum:

- að leikskólastarfið verði gleðiríkt þannig að börnin njóti leikskóladvalar sinnar.
- að leikskólakennarinn stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik.
- að leikskólinn stuðli að aukinni gleði í leik og starfi þannig að barnið læri að þekkja sjálft sig með glöðum og ánægðum hug.
- að gleðin í því sem barnið er að takast á við skipti meira máli en útkoman.

## Dagur í Núpi.

|                |   |
|----------------|---|
| 7:30 – 9:00.   | Frjáls leikur,  |
| 8:30 – 10:00.  | Ávextir í boði.   |
| 8:45 – 9:00.   | Morgunfundur starfsmanna.   |
| 9:00 – 11:00.  | Flæði*, snillikennsla*, frjáls leikur og útivera mánudag til fimmtudag.<br>Á föstudögum söngstund í sal kl. 9.00 – 9.20 og útivera. |
| 11:00 – 11:20. | Samverustund á yngri deildum.   |
| 11:20 – 12:00. | Hádegisverður á yngri deildum.  |
| 11:30 – 12:15. | Samverustund á eldri deildum.   |
| 12:00 – 13:00. | Hvíld á yngri deildum.  |
| 12:15 – 13:00. | Hádegisverður á eldri deildum.  |
| 13:00 – 13:30. | Meistaraverkefni* á eldri deildum.  |
| 13:00 – 14:40. | Útivera, frjáls leikur eða val.   |
| 14:10 - 14:30. | Samverustundir yngri deilda.  |
| 14:30 - 15:00. | Síðdegishressing yngri deilda.  |
| 14:50 – 15:15. | Samverustundir, eldri deildir.  |
| 15:00 – 15:45. | Frjáls leikur á yngri deildum.  |
| 15:15 – 15:50. | Síðdegishressing eldri deilda.  |
| 15:50 – 17:00. | Frjáls leikur.  |
| 17:00 - -      | Leikskólinn lokar.  |

### \*Flæði.

Í flæði fara börnin á þau svæði sem þau vilja leika sér á hverjum tíma. Börnin á Höfða og Brekku flæða saman og börnin á Hvammi og Þúfu flæða saman. Flæðið er ekki útfært á sama hátt á yngri deildum og eldir en megin markið með flæði er að efla sjálfræði barnanna, að þau hafi um það að segja hvar þau leika sér, með hverjum og hvaða viðfangsefni verður fyrir valinu.

### \*Snillikennsla

Snillikennsla fer fram í aldursskiptum hópum og í flæði á milli kl. 10 og 12 á eldri deildum og 9 og 10 á yngri deildum frá mánudegi til fimmtudags frá september til maí.

Sumarsnillikennsla/flæði fer fram úti á tímabilinu 25. maí til 25. júní öll börn leikskólans taka þátt í henni.

### \*Meistaraverkefni

Meistaraverkefni eru fyrir elsta árgang skólans, hver hópur meistara vinnur að þeim í u.þ.b. eina klukkustund tvisvar í viku yfir veturinn.

## Matsaðferðir

Vorið 2014 var lögð rafræn spurningakönnun fyrir starfsfólk þar sem það mat störf stjórnenda skólans. Einnig var lagður fyrir spurningalisti þar sem starfsfólk var beðið um að meta snillikennslu vetrarins og óformlegt mat þar sem það fór yfir starf sinna deilda. Á miðjum vetri var gert endurmat á snillikennslu og faghópurinn fór yfir einkunnarorð skólans. Hvert og eitt einkunnarorð var tekið, það krufið og mat lagt á hvor við værum að vinna eftir þeim í raun.

Að vori var lagður spurningalisti fyrir börn í elsta árgangi skólans.

## Starfsmannastefna

Í leikskólanum Núpi er leitast við að:

- að vera jákvæð, glöð og með húmorinn í lagi.
- vera fagleg í starfi með því að sýna ábyrgð og sinna skyldum okkar af virðingu.
- vera heiðarleg og hreinskiptin í samskiptum, tölum „við en ekki um“, hrósum og sýnum hvort öðru skilning.
- vera virk félagslega með þvíði að spjalla saman daglega og hittast utan vinnutíma..

## Stefna vegna foreldrasamstarfs

Stefna leikskólans Núps er að tengja saman heimili og skóla með góðum samskiptum við foreldra. Deildarstjórar senda foreldrum tölvupóst vikulega með pistil um starfið í vikunni og það sem framundan er.

## Stoðþjónusta

Leikskólinn á gott samstarf við þau svið bæjarfélagsins sem tengjast daglegum rekstri. Samstarf er við Umhverfissvið sem kemur að viðhaldi innan leikskólans og á útileiksvæði. Stjórnsýslusvið sem kemur að launamálum og tækniþjónustu. Velferðarsvið sem kemur að félagsþjónustu og velferð í barnaverndarmálum. Samskipti við þessi svið fara meira eða minna fram með rafrænum hætti.

Mest samstarf á leikskólinn er við Menntasvið. Segja má að um nánast daglegt samstarf við leikskóladeild sé að ræða. Mjög gott samstarf er við leikskólafulltrúa, leikskólaráðgjafa, sérkennslufulltrúa og sérkennsluráðgjafa leikskóladeildar. Þá hefur sérkennslustjóri gott samstarf við sérfræðinga á vegum leikskóladeildar.

## Mat á starfi sl. sStarfsárs - niðurstöður

### Stjórnendakönnun

Stjórnendakönnun var lögð rafrænt fyrir alla starfsmenn Núps í maí og júní 2014. Alls fengu 26 starfsmenn könnunina senda og svarhlutfall var 88%.

Niðurstaða könnunarinnar var nokkuð góða en nokkur atriði komu samt fram sem þarfnast lagfæringar og snúa þau atriði aðallega að hvatningu í starfi og hrósi, einnig mætti gera stefnu skólans sýnilegri og upplýsingflæði mætti vera betra.

Á skipulagsdegi 15. september 2014 voru starfsmenn settir í hópa þar sem þeir þættir sem þarfnast lagfæringar voru ræddirar. Hópunum var gert að koma með tillögur að því hvernig þeir vildu sjá hlutina verða gerða betri að okkar hálfu. Ýmislegt skemmtilegt kom út úr þeirri vinnu, en fæst af því sem snéri beint að okkur leikskólastjórnendum. En ef við tókum út það

sem að okkur snýr má m.a. sjá tillögur um veggspjöld með stefnu skólans, að setja upp einkunnarorð skólans og skýringar með, meiri umræðu um fjölgreindir á fundum. Hvað upplýsingaflæðið snerti má aðallega sjá athugasemdir um hluti sem deildarstjórar hafa séð um s.s. að senda myndir heim til foreldra, skrifa á upplýsingatöflur og fl. í þeim dúr.

## Mat á snillikennslu

Vegna breyttrar vinnu í snillikennslu sl. vetur var mikil áhersla lögð á það mat. Við fórum úr því að vinna með hópa í það að vera með frjálst flæði.

**Á skipulagsdegi í 2. janúar** fór starfsmannahópurinn saman í það að endurmeta snillikennslu haustsins, hvað gekk vel og hvað mátti bæta. Allir starfsmenn fengu tíma til að hugsa og setja niður á blað hvað þeim fannst. Síðan var farinn hringur og allir tjáðu sig og málin rædd. Niðurstaðan var sú að flestir eru ánægðir og finnst vinnan skemmtileg og fjörbreytt. Helstu gallar virtust vera að erfitt reyndist að halda úti verkefnum á sumum stöðvum og reyndist málgreindarsvæðið þar erfiðast. Breytingar þurfti að gera á staðsetningu svæða t.d. hentaði illa að hafa tónlistargreind í sal og fjöldatakmarkanir þurfti að setja á sum svæðin. Endafundur þóttu mikilvægir en ekki nógu markvissir þó. (Endafudnir dregur nafn sitt að staðsetningu fundanna en þeir eru haldnir í hvorum enda í húsinu og var ætlað að halda utan um snillikennsluna/flæðið á eldri og yngri deildum sl. vetur).

Á fagfundi hálfum mánuði seinna var farið í að ræða enn frekar gallana og þeir lagfærðir. Lögð var spurning fyrir hópinn hvort leggja ætti málgreindarsvæði niður í núverandi mynd og niðurstaðan var sú að vegna mikilvægi málgreindar gengi það ekki upp. Eins spurðum við okkur hvort málgreindarsvæðið þyrfti að vera eins á yngri og eldri deild – nei við þurfum ekki og ættum ekki að hafa svæðin eins. Við þurfum að passa upp á að nota ekki of mikla mötun og bjóða upp á efnivið sem tengjast greindunum frekar en verkefni. Starfsfólk þarf að vera opið og finna út hvaða efniviður hentar hverri greind – koma undirbúin í flæðið. Spurning hvort ekki væri hægt að nota sögustundir í bókasafni Kópavogs meira í málgreindinni en þær eru á þriðjudagsmorgnum.

Greindarsvæði sem þóttu henta illa á sumum stöðum voru færð til. Tónlistargreindin var færð inn á svæðin sem hýsti Rök og stærðfræðigreindir fyrir áramót. Rök og stærðfræðigreind færðist fram á gang þar sem aðgangur að kubbum var aðgengilegur meiri. Hreyfing var færð af útileiksvæði inn í sal.

Fjöldatakmarkanir voru settar á Hreyfi- og tónlistargreind. Í hreyfigreindina var fjöldinn settur í 12 börn á eldri og 10 á yngri og í tónlistina 10 börn á eldri og 8 á yngri. Fjöldi barna í umhverfisgreind til að hægt sé að fara í gönguferðir eru 8-14 börn og 2 starfsmenn. Ef börnin eru færri en 8 er ekki farið út úr garðinum og annar starfsmaður greindarinnar fer og aðstoðar við aðra greind þar sem eru mörg börn. Ef börnin eru fleiri en 14 er ekki heldur farið út af lóð.

Skipaðir voru fundarstjórar á endafundi og valttími á svæði fyrir starfsfólk færðist af föstudegi á mánudag sömu viku – s.s. viku fyrr til að starfsfólk hefði meiri tíma til undirbúnings.

**Á skipulagsdegi í maí** var snillikennalan metin á nýjan leik. Þá var lagður spurningalisti fyrir þar sem starfsfólk þurfti að segja frá hvað gekk vel og hvað gekk illa og af hverju. Óskað var eftir að eftirfarandi spurningum væri svarað:

- Segðu frá í nokkrum orðum hvernig þér fannst snillikennslan takast til, hvað gekk vel og hvað illa og af hverju gekk vel eða illa.
- Hvernig var þín upplifun af greindarsvæðunum – hvað gekk vel og hvað gekk illa og af hverju.
- Í hvaða mynd viltu sjá snillikennsluna næsta vetur:
  1. Viltu áframhaldandi flæði
  2. Viltu snúa til baka í hefðbundið hópastarf
  3. Viltu blandaða leið þar sem notast verður við hvortu tveggja
  4. Annað
- Hvernig var samvinnan á þinni deild sl. vetur.
- Hvernig var samvinnan milli deilda
- Annað sem þú vilt koma á framfæri.

Þessum spurningum svaraði starfsfólk nokkuð samviskusamlega. Megin niðurstaða könnunarinnar er var sú að fólk var ánægt með flæði í snillikennslu. Upplifun fólks af greindarsvæðum var mismunandi eftir svæðum og afgerandi var hversu erfitt fólk átti með málgreindarsvæðið. Í svörum við spurningunni Hvernig fólk vildi sjá snillikennsluna næsta vetur kom fram að margir söknuðu gamla hópastarfsins, enginn vildi samt bakka til þess að hafa eingöngu hópastarf og töldu lang flestir að blönduð leið flæðis og hópastarfs væri vænleg leið til að vinna með næsta vetur.

Hvað samvinnuna varðar var fólk almennt ánægt með samvinnu á deildum. Einnig var fólk nokkuð ánægt með samvinnu milli deilda og taldi hana hafa aukist þó betur mætti gera þar.

## Mat barna

**Spurningalisti var lagður fyrir 25 börn í elsta árgangi skólans.** Spurt var um vini, ákveðnar stundir dagsins, leiksvæði og líðan í leikskólanum. Notaðar voru myndir til að leiða samtalið.

Öll börnin töldu upp þrjú eða fleiri börn sem vini sína og öll sögðu alla eða hluta af sama hóp vera þá sem skemmtilegast væri að leika við. Átján börn töldu starfsmenn í vinahópnum.

Flest valsæðin eru talin skemmtileg, holukubbar og útisvæði eru nefnd af sextán börnum sem skemmtileg svæði. Dúkkuhús er oftast nefnt sem svæði sem börnin hafa ekki áhuga fyrir að velja eða 5 sinnum.

Hreyfigreindarsvæðið er áberandi vinsælasta svæðið (20) í snillikennslu en umhverfis greind og tónlistargreind koma næst þar á eftir (16). Rök og stærðfræðigreind hefur minnst aðdráttarafl 7 börn velja hana sem skemmtilega.

Að fara í leiki og syngja er oftast nefnt sem það sem er gaman að gera í samverustundum. Annað sem er nefnt er t.d.; lesa sögur, dansa ýmsa dansa, spil, teiknileikir, loðtöflusögur, spjalla, gera leikrit og skoða myndir. Af þeim sem svara þegar spurt er hvort eitthvað sé leiðinlegt segja fjörgur að lesa bók og þrjú að syngja. Annað sem kom fram sem var lítið spennandi var: tónlist, sumar bækur, að tala saman, að gera ekkert, að spila lengi, jólasveinninn, og segja sögu. Einum finnst leiðinlegt að hafa læti og öðrum finnst leiðinlegt hvað hann er oft svangur í samverustund.

Fiskur í ýmsum myndum (10), grjónagrautur (10) og píta (8) er vinsælasti maturinn en alls eru 28 matartegundir nefndar þegar spurt er hvað börnunum finnst gott að borða. Tveimur finnst allur matur góður. Svo einkennilega vill til að fiskur er einnig nefndur oftast sem sá matur sem ekki þykir góður eða fimm sinnum.

Þau börn sem höfðu hugmyndir um hvernig mætti breyta matartímanum sögðu eftirfarandi; mega velja sér borð, ráða hvað er í matinn, baka og elda með eldhúskonunum, panta Dominos pitsu, borða á Brekku og Höfða, hafa grjónagraut á miðvikudegi og fisk á fimmtudegi, fara með diskana inn í eldhús þegar maður gengur frá, hafa bangsaservíettur, hafa þögn, borða inni á Brekku þá eru ekki nein læti, eitt borð og skiptast á, ef það væri flugfiskur, langar að fá kakósúpu, búa til bíó og borða matinn þar eða borða í sundi, minnka lætin.

18Átján börn minnst þess að hafa liðið vel þegar þau fóru í hvíld. Flest mundu vilja sofa (8) og önnur átta vilja hlusta á eitthvað í hvíldartíma, sögu eða tónlist. Tvö vilja bara liggja og hvíla og þrjú vilja láta sig dreyma. Eitt langar að hafa snuddu og annað vill að hugsa eitthvað fallegt. Þegar börnin voru spurð hvort þau mundu velja hvíld eftir matinn ef það væri í boðið sögðu 15fimmtán já. 4Fjórir sögðu nei. Aðrir voru ekki vissir.

Alls hafa 24 börn hafa ánægju af að vinna meistaraverkefni. Það sem þeim fannst áhugavert að gera þar var að; lita myndir, lita eftir númerum og gera verkefni er vinsælast. Síðan að reikna, skrifa stafi, skrifa nafnið sitt, læra tölustafi, lita og tengja saman, strika milli punkta, teikna myndir, klippa eftir línu, gera þrautir, lita fótboltamynd, lesa bók, hafa alveg þögn, syngja, leika í sal þegar verkefnið eru búin og síðast en ekki síst, fá litlar tölvur handa meisturum þá gæti maður valið hvernig á að gera og það þarf að vera hægt að prenta.

5Fimm börnum líður ekki vel eða finnst leiðinlegt í fataherbergi. Tveimur finnst vera læti þar og einn segir að það sé verði að ýta honum, einum finnst hinir vera að þvælast fyrir sér og einum finnst erfitt að vera lengi að klæða sig. Hin finna ekki neitt athugavert en sumum finnst spennandi að vera fyrst að klæða sig.

Að vera í fótbolta og leika sér í bílnum er vinsælast í útiveru. Annað sem var nefnt var að hjóla, róla, klifra, renna í rennibraut, eltingaleikur, fara í leiki, náttúruskoðun, leika í kastala, snillikennsla, moka, klessó í rólu, tína lirlfur, froskaleikur, fara í skóginn, vera á hlaupahjóli og finna snigla. Flestir nefndu fótbolta og kastala sem það sem væri ekki spennandi úti.

Tvö börn setja út á salernin, annað segir að það sé piss út um allt og tissjú á gólfinu og maður þurfi að vera á inniskóm til að fara þar inn hitt segir að það sé slæmt þegar einhver er að kíkja. Eitt hefur líka áhyggjur af því að maður gæti pissað í buxurnar þegar maður þarf að bíða lengi í röð.

Öll börnin nema eitt voru ánægð með drekkutímann þegar þau voru spurð hvort þau vildu segja eitthvað um hann. Sum nefndu uppáhalds mat.

Frjáls leikur eftir drekkutíma er almennt talinn góð stund og ýmis verkefni og leikir nefnd sem skemmtilegt er að fara í á þeim tíma.

7Sjö börnum finnst söngstund á föstudögum ekki skemmtileg, hinum finnst hún skemmtileg og gaman að syngja, annað skemmtilegt sem er nefnt er að syngja óskalög, leikrit og þjóðadagar. Einu barni finnst lítið pláss í söngstund í sal.

Öll börnin eru ánægð með að fá popp í afmælum. Mörg komu með tillögu um hvernig mætti breyta afmælishaldinu flestar tengdust einhverju góðgæti en það komu líka aðrar hugmyndir eins og að fara í leikfangabúðir, byggja við Núp og hafa bíó þar og afmælisbarnið mætti velja mynd, fara í sal og hafa frjálst, taka ípad með í leikskólann o.fl.

15Fimmtán börn komu með tillögu um hverju mætti breyta í leikskólanum, þær eru eftirfarandi: hafa sleikjÓ, ís og allt nammi í heimi og páskaegg nr. 25, hafa bÍÓ á annari yngri deildinni og sund á hinni, vera alveg eins og Baugur og leikfimi eins og á Baugi, hafa partÍ og leyfa að taka spjaldtölvu með sér, drasla til og henda snjókulum inn og búa til snjókarl inni, eitt barn mundi vilja vinna í eldhúsinu, fara í röð úti þegar farið er í gönguferðir, hafa hljótt í matartímanum, leyfa að fara með kennurunum að kaupa pönnukökur og kökur, borða nammi á miðvikudögum, vera ekki úti, hafa sjónvarp í sal og horfa á Lego mynd á ensku eða íslensku, það mætti ekki fara í fÓtbolta í litla herbergi því sumir vilja það ekki og hafa jafn marga kennara á öllum deildum og bannað að hafa leiðindi, leyfa börnunum að fara út í búð og kaupa nammi og gefa, hafa diskópartÍ með krökkunum og að lokum, smÍða kassabÍla.

Sextán16 börn segja að þeim líði vel og/eða það sé gaman að koma í leikskólann á morgnanna. Nokkur segjast vera þreytt þegar þau koma og eitt verður stundum leitt þegar mamma gleymir að knúsa það. Sum sem eru ekki nógu ánægð geta ekki útskýrt af hverju.

22Alls 22 börn segjast vera glöð og/eða líða vel þegar þau fara heim. Tvö svara ekki, eitt segir svolítið leiðinlegt og svolítið gaman og eitt segist oft þurfa að keyra langt.

## **Starfsmannasamtöl**

Starfsmannasamtöl voru tekin í febrúar og mars og var starfsmannahópnum skipt milli deildarstjóra og leikskólastjóra. Deildarstjórar tÓku viðtöl við starfsfÓlk sinna deilda og leikskólastjóri við deildarstjóra, sérkennslustjóra og afleysingarfÓlk. Starfsmenn fengu undirbúningsblað með spurningum um líðan, árangur í starfi, styrkleika/veikleika o.fl.

Starfsmenn voru ýmist ánægðir eða mjög ánægðir í starfi, einn sagðist ekki vera ánægður. Allir starfsmenn að undanskildum einum fannst starfsandinn gÓður. Samvinna var gÓð og fann fÓlk mikinn mun til hins betra frá því sem verið hafði áður. Helst kvartaði fÓlk undan aðstöðuleysi og fannst frekar fátæklega gefið í tölvumálum.

## **Mat á einkunnarorðum leikskólans.**

Á fagfundum á vorönn voru einkunnarorð skólans krufin, en þau eru eins og fram kemur á bls. 2-3, sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði. Hvert og eitt orð var tekið og skoðað í tengslum við alla þætti skólastarfsins.

## **Mat á starfsáætlun sl. starfsárs og niðurstöður**

### **Snillikennsla**

Skv. niðurstöu mats á snillikennslu var ákveðið á fagfundi að fara blandaða leið í snillikennslunni. Á Þúfu og Hvammi verður hÓpastarf einn1 dag í viku og flæði tvo. Á Höfða og Brekku verður hÓpastarf tvo daga í viku og flæði einn. Á Lundi verður ekkert flæði í vetur vegna ungs aldurs barnanna þar. Þar verður hÓpastarf og munu yngstu börnin af Hvammi (börn fædd 2013) fara á Lund í hÓpastarf. Tími snillikennslunnar verður óbreyttur þ.e. frá kl. 9:00-10:00 á yngri deildum og frá 10:00-12:00 á eldri.

### **Val**

Valið var í gangi alla daga á mismunandi tímum á öllum deildum nema á Lundi. Öll svæði leikskólans nema heimastofa Lundar, listaskáli og hreyfisalur eru nýtt í vali.

Við erum ánægð með fyrirkomulag valsins og erum stÓðugt að endurskoða verkefni og efnivið sem er uppi á valsvæðum.



## Menningarviðburðir á árinu

- Ferð í Sivertsenhús í Hafnarfirði með öll börn á elstu deildum – börn og starfsfólk almennt ánægð með ferðina.
- Jólaleikritið Grýla og jólasveinarnir, með Þórdísi Arnljótsdóttur, var mjög skemmtilegt.
- Maximús Músíkús var í boði foreldrafélagsins, tókst vel og allir voru ánægðir
- Reglulegar ferðir á Bókasafn Kópavogs.
- Farið var á sinfóníutónleika í maí og voru börnin mjög ánægð með þá ferð.
- Þjóðadagar allra þjóðarbrota í leikskólanum voru haldnir öllum til gleði og fróðleiks.

## Ferðir á árinu

- Sveitaferð í samvinnu við foreldrafélagið var farin að Bjartheyjarsandi. Ferðin gekk mjög vel og voru bæði börn og foreldrar ánægðir eftir daginn.

## Hefðir og hátíðir ársins

- Hausthátíð, foreldrum boðið til garðveislu þar sem börnin buðu upp á súpu sem búin var til úr grænmeti sem þau höfðu ræktað. Hátíðin tókst vel og er ætlunin að gera þennan dag að árlegum viðburði.
- Karladagurinn var haldinn 1. nóvember en þá varvoru karlkyns aðstandendum barnanna boðið í skólann í morgunkaffi og söng. Mjög góð mæting var og vel heppnað.
- Gengið gegn einelti var samvinnuverkefni skólanna í hverfinu Núps, Dals og Lindaskóla.
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember, sagan um Búkollu var sögð með skuggamyndum.
- Piparkökbakstur og málun í byrjun desember. Foreldrum var boðið í málunina.
- Litlu jólin haldin hátíðleg með sögu, söng og dansi. Jólasveinn mætti á svæði og einnig prestar Lindakirkju.
- Afmæli Núps 10. janúar með vasaljósagöngu um hverfið, flæði og afmælisköku, dagskráin gekk mjög vel.
- Þorrablót 31. janúar, börnin bjuggu sér til höfuðföt sem þau settu upp við borðhaldið, skemmtilegur dagur
- Öskudagsball 5. mars kötturinn var sleginn úr tunnunni og svo var flæði um allan skóla. Gekk mjög vel.
- Kvennadagurinn var haldinn 7. mars en þá voru var kvenkyns aðstandendum boðið í skólann í morgunkaffi og söng. Góð mæting að vanda.
- Sólstöðuhátíð í samvinnu við leikskólann Dal í lok júní. Börn og starfsfólk leikskólanna hittust í undirgöngunum við Fífuhammveg. Leikskólarnir sungu hvor fyrir annan og svo var Leikskólanum Dal boðið í heimsókn að Núpi þar sem við horfðum á leikrit, grilluðum pylsur og lékum okkur. Skemmtilegur dagur.
- Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg inni á deildum, þar sem börnin fá kórónu, bjóða upp á popp og dagurinn er gerður þeim minnisstæður.

## Umbótaáætlun

### Þær úrbætur sem við munum vinna að:

Til að skapa góðan skóla þurfa kennarar sífellt að skoða starf sitt og það höfum við gert í vetur. Við endurmetum hvern þátt starfsins – hvað gekk vel og hvað mætti betur fara, breytum og bætum og þróum starfið okkar áfram.

Skv. mati á snillikennslu kemur fram að fólk er almennt ánægt með framkvæmd snillikennslunnar sl. árs en sakna þó hópastarfsins. Í ljósi þessa ætlum við að fara blandaða leið þ.e. að hafa bæði flæði og

hópastarf í snillikennslunni. Á yngri gangi verður hópastarf einu sinni til tvisvar í viku og flæði tvisvar. Á eldri gangi verður hópastarf tvisvar í viku og flæði einu sinni. Farið er í vettvangsferðir á eldir eldri deildum flesta miðvikudaga.

Á skipulagsdegi í september var farið í þá þætti stjórnendakönnunarinnar sem ekki komu nægilega vel út og þeir ræddir. Niðurstöður umræðuhópa (sjá kafla stjórnendakönnun) var að gera mætti stefnu skólans sýnilegri með því að hengja upp veggspjöld um snillikennslu sem til eru í húsinu og útbúa til viðbótar ný spjöld með einkunnarorðum skólans þar sem fram kemur hvað hvert einkunnarorð þýðir og hengja upp. Farið verður í þetta í vetur. Einnig þarf að fræða nýtt fólk betur um stefnu skólans og hvernig unnið er með hana í skólanum. Kynningarfundur fyrir nýtt starfsfólk verður haldinn 19. nóvember. Á kynningarfundinum veður lagt fyrir nýtt fólk snillipróf til gamans en það er gert til að fólk sjái hvar þeirra sterku greindir liggja.

Varðandi upplýsingaflæði má eflaust standa sig betur. Einnig þurfum við stjórnendur að vera duglegri að hrósa okkar fólki og munum við reyna að bæta okkur þar.

Þeir þættir sem ekki komu vel út úr mati barna þarfnast umræðu og verður farið í það í faghópnum í vetur – hvernig við getum komið til móts við þá þætti sem hægt er að breyta/laga s.s. hvíld, af hverju stærðfræðigreindin vekur ekki áhug fleiri, hvernig við getum aukið gæði vinnunnar í fataherbergjum o.s.frv.

Breytingar hafa verið gerðar á söngstundum í sal þar sem þær komu ekki nægjanlega vel út í mati barna. Breytingarnar eru þannig að eldri og yngri börn skipast á að vera í söngstund í sal. Stundirnar sem allir eru saman eru þegar eitthvað sérstakt stendur til í skólanum t.d. Þjóðardagar, dagur íslenskrar tungu o.þ.h.

## Starfsáætlun næsta leikskólaár

### Einkunnarorð Þema leikskólans

Þema leikskólans árið 2014-2015 verður fjölgreindir og snillikennsla. Undirþema vetrarins verður “Sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði”, sem eru einkunnarorð leikskólans. Unnið verður með þemað á mismunandi hátt eftir aldri og þroska barnanna. Þemað verður unnið í öllu skipulögðu starfi í leikskólanum en þó verður lögð megin áhersla á skapandi starf í snillikennslu. Vettvangsferðir verða ákveðnar í tengslum við þema skólaársins.

Sjálfstæði barnanna er eflt í öllu starfi leikskólans, með áherslu á að geta hjálpað sjálfum sér og öðrum þannig að börnin séu virkir þátttakendur í daglegu lífi, leggi á borð, klæði sig sjálf, ákveði sjálf hvað þau vilji gera í snillikennslu, vali o.s.frv.

### Markmið með þemanu er að:

- styrkja fjölgreindir í öllu starfi skólans
- börnin verði sjálfstæðir einstaklingar sem þekkja eigin möguleika og takmörk.
- efla sjálfsvitund og sjálfsöryggi barnanna
- efla skapandi starf í leikskólanum

### Sérstakar áherslur

Sérstakar áherslur skólaársins eru “Fjölgreindir í leikskólastarfi”. Við vinnum út frá hugmyndum Howard Gardner um fjölgreindirnar. Einnig verður sérstök áhersla lögð á sjálfræði barnanna þannig að þau hafi meira um það að segja hvað þau vilja gera, með hverjum og hvar.

### Markmið

Markmið leikskólans er að börnin verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar sem kunna að vinna saman. Við leggjum áherslu á að vinna með sjálfræði barnsins og að efla þau í sjálfshjálpar enda hjálpar

Það barninu við að standa með sjálfu sér og þekkja möguleika sína. Sjálfstæðir einstaklingar eiga auðveldara með að vinna saman og þeir sem hafa góða sjálfsmynd eiga auðveldara með að setja sig í spor annarra.

Í einkunnarorðum leikskólans “sjálfstæði og sköpun í samvinnu og gleði” felast þessi markmið.

## **Menningarviðburðir**

Menningarviðburðir á árinu eru helstir: Jólaleikrit, ferðir á ýmis söfn, sinfóníutónleikar, hátíðlegheit á jólaföstu, menningarferðir í Þjóðleikhúsið og Þjóðadagar allra Þjóðarbrotu í leikskólanum.

Ferðir á árinu eru meðal annars fyrirhugaðar, í sveitina í samvinnu við foreldrafélagið og í ýmsar vettvangsferðir tengdar þema.

Hefðir og hátíðir ársins eru dagur íslenskrar tungu 16. nóvember, litlu jólin 19. desember, afmæli Núps 9. janúar með vasaljósagöngu um hverfið, flæði og afmælisköku, þorrablot 30. janúar, öskudagsball 18. febrúar, Sólstöðuhátíð í samvinnu við leikskólann Dal í lok júní og sumarhátíð foreldrafélaganna í Lindarhverfi í byrjun júní. Afmæli barnanna eru haldin hátíðleg inni á deildum, þar sem börnin fá kórónu, bjóða upp á popp og dagurinn er gerður þeim minnisstæður.

## **Þróunar- og nýbreytnistarf**

Við vinnum áfram með fjölgreindir. Námskeið í fjölgreindum verður haldið fyrir nýtt starfsfólk í nóvember og markvisst verður unnið með fjölgreindirnar á skipulagsdögum í vetur. Námskráin mun líta dagsins ljós vorið 2015. Áfram höldum við í umhverfisverndinni og voru þau skref tekin í haust að hefja flokkun sorps. Vísindakrökur sem verið er að útbúa og er liður í sameiginlegu þróunarverkefni leikskóla Kópavogs er langt kominn og þeirri vinnu ætti að ljúka um áramót.

Alveg nýtt í skólanum þennan vetur er Jóoga en ráðinn var verkefnastjóri til að halda utan um verkefnið og sjá um kennsluna. Verkefnastjórinn kemur til með að taka hópa af öllum deildum í jógastundir.

Á árinu verður einnig hugað að gerð jafnréttisáætlunar fyrir skólann byggða á jafnréttisáætlun leikskóla Kópavogs. Áætlað er að jafnréttisáætlun og aðgerðaáætlun um jafnrétti líti dagsins ljós vorið 2016.

## **Mat á starfinu, matsaðferðir**

Starfið verður metið með Ecers matslistum og foreldrakönnun á vegum skólaskrifstofu

## **Kynning á leikskólanum**

Fundir fyrir foreldra nýrra barna verður í júní en þar fá foreldrar bækling um leikskólann auk fræðslu um hvað leikskólastarf felur í sér. Kynning á vetrarstarfinu er í september á Höfða og Brekku og byrjun október á Lundi, Hvammi og Þúfu. Fundirnir eru frá 8:30-9:30.

Heimasíða leikskólans verður nýtt til upplýsinga fyrir foreldra. Á heimasíðunni er námskráin, Sstarfsáætlunin, skóladagatal ásamt öðrum upplýsingum um leikskólann.

## **Börn**

### **Fjöldi barna.**

Það eru 108 börn í skólanum.

Lundur: 16 börn öll ársögmul.

Hvammur: 20 börn – 7 þriggja ára, 8 tveggja ára og 5 eins árs.

Þúfa: 20 börn – 11 þriggja ára og 10 tveggja ára.

Brekka: 25 börn – 11 fimm ára og 14 fjögurra ára.

Höfði: 26 börn – 14 fimm ára og 12 fjörurra ára.

## Aðlögun barna

Aðlögun nýrra barna á yngri deildir byrjar seinnipartinn í ágúst og er áætlað að henni ljúki um miðjan september. Yngri deildir eru með þátttökuaðlögun, þar sem börn og foreldrar eru saman í þrjá daga í öllum stundum dagsins. Aðlögun á eldri deildir hefst fljótlega eftir sumarfrí.

Í Núpi er hóp aðlögun þannig að nokkur börn koma í einu í aðlögun. Áætlað er að aðlögun taki 3- 5 daga.

Markmið aðlögunar er að:

- barnið tengist starfsfólki leikskólans og kynnist starfsemi.
- barnið kynnist herbergjaskipan leikskólans og fái að vita hvar skúffa þess og hólf eru.
- barn og foreldrar kynnist starfsfólki og börnum leikskólans.
- foreldrar þekki þá sem koma til með að taka á móti barninu og fái innsýn í starfsemi leikskólans.
- barn og foreldri upplifi leikskólalífið saman.
- foreldri fái yfirsýn yfir sem flestar stundir dagsins og viti hvað barnið hefur fyrir stafni á hverjum tíma.
- barnið kynnist hverri nýrri stund ásamt foreldri til að það finni sig öruggt í leikskólanum auk möguleika til umræðu heima.
- hin börnin og starfsfólkið á deildinni kynnist nýja barninu

## Flutningur milli deilda

Flutningur milli deilda hefst strax eftir að leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí. Skipulag flutnings milli deilda er að finna í aðlögunarmöppu. Markmið í flutningi milli deilda er að barnið kynnist nýrri deild, bæði börnum og starfsfólki og að það finni sig öruggt á nýrri deild.

## Útskrift barna

Útskrift þeirra barna sem fara í grunnskóla er í lok maí. Farið er í útskriftarferð, börnin útbúa sér nesti og koma með bakpoka sem þau passa sjálf uppá í ferðinni. Haldin verður útskriftarveisla þar sem börnin baka köku, æfa sönglög eða leikrit og bjóða foreldrum sínum til veislu. Börnunum er afhent viðurkenningarskjal til staðfestingar á leikskólagöngu þeirra.

## Sérkennsla

Tvö börn eru í sérkennslu í 1. flokki og fjögur í 2. flokki og átján 1818 börn í sérkennslu í 3. og 4. flokki.

## Markmið sérkennslunnar

Markmiðið er að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar og fái allan þann stuðning og örvun sem það þarf til þess.

Lögð er áhersla á að öll sérkennsla fari fram í litlum hópum þannig að barn sem þarf á sérkennslu að halda sé ekki tekið eitt út úr hópnum. Sérkennslan er því tvinnuð inn í allt starf leikskólans eftir þörfum sérhvers barns.

## Starfsmenn

### Áherslur í samstarfi

Starfsmannaviðtöl verða í febrúar/mars. Þetta árið munu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka viðtölin.

Móttaka nýrra starfsmanna: Nýr starfsmaður kemur í stutt viðtal til leikskólastjóra þar sem ráðningarsamningur er undirskrifaður og gengið frá öðrum pappírnum. Aðstoðarleikskólastjóri spjallar

við starfsmanninn, sýnir honum skólann og fer með starfsmanninum í gegnum megin þætti leikskólastarfsins. Eftir cau.þ.b. 15 daga tekur deildarstjóri starfsmanninn í viðtal til að ræða hvernig honum líður í starfi og hvernig gangi, deildarstjóri tekur starfsmanninn í tvö viðtöl til viðbótar á fyrstu 6 vikum starfsmannsins í starfi. Deildarstjóri kynnir fyrir starfsmanninum dagskipulag og vinnutilhögun deildarinnar og fer yfir punkta á viðtalsblaði.

Handleiðsla: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri eru í handleiðsluhópum með kollegum sínum í öðrum leikskólum. Deildarstjórar í Núpi handleiða hvern annan einu sinni í mánuði.

## Starfsmenn

### Fjöldi stöðugilda og menntun í september 2014

- Eldhús 1,8 stöðugildi → 2 starfsmenn.
- Stjórnun 1,4 stöðugildi → leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- Deildarstjórar 5 stöðugildi → 5 leikskólakennarar
- Leikskólakennarar 1,75 stöðugildi → 2 kennarar.
- Uppeldismenntaðir starfsmenn, leikskólaleiðbeinendur A, 2 stöðugildi → 2 grunnskólakennarar.
- Háskólamenntaðir starfsmenn, leikskólaleiðbeinendur B, 3 stöðugildi → BA í félagsráðgjöf, BA í fornleifafræði og BA í stjórn málafræði + MA í blaða- og fréttamennsku og verkefnastjórnun
- Leiðbeinendur 8,85 stöðugildi → 9 starfsmenn.
- Umsjón með sérkennslu 0,75 stöðugildi → 1 leikskólasérkennari
- Stöðugildi vegna sérkennslu 4,00 stöðugildi → 1 grunnskólakennari, 2 leikskólakennarar, 1 leiðbeinandi.
- Afleysing á hverri deild er 60 prósent vegna veikinda og undirbúningstíma. Veikinda prósent er ekki inni í starfsmannaprósentum hvernar deildar fyrir sig deildarinnar heldur er hún laus í húsinu og fer þar sem mesta þörfin er. Undirbúnings prósentan er bundin við deildir.

### Hreyfing á starfsfólki.

Nokkur hreyfing hefur verið á starfsfólki á skólaárinu.

Deildarstjóraskipti urðu á Hvammi og Þúfu. Breyting varð á sérkennslustarfsfólki; grunnskólakennari og háskólamenntaður sérkennari með BA í sálfræði hættu og komu leikskólakennari og leiðbeinandi í staðinn.

### Þjóðerni starfsmanna annað en íslenskt:

Í dag eru starfsmenn frá Lettlandi, Kína, Ungverjalandi og Bretlandi starfandi við leikskólann.

### Fundir

Starfsmannafundir eru á skipulagsdögum skólans. Einnig eru kvöldfundir tvisvar á skólaárinu.

Deildarfundir eru vikulega á hverri deild, 30 mín. í einu, deildirnar leysa hver aðra af vegna þeirra funda.

Deildarstjórafundir eru 1., 3. og 4. föstudag í hverjum mánuði frá kl. 10:00-11:00

Samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru eftir þörfum hverju sinni.

Handleiðsla deildarstjóra eru 2. föstudag í hverjum mánuði kl 10:00-11:00. Jafningjahandleiðsla er notuð.

Endafundir fjórða hvern mánudag á yngri gangi kl. 10:00-10:30 .

## Skipulagsdagar

Á skipulagsdögum munum við meðal annars vinna að skipulagi fyrir veturinn, endurmeta starfið, gera einstaklingsnámskrár og sinna símenntun. Skipulagsdagar í maí verða notaðir til námsferðar en starfsmenn leikskólans fara til Brighton og kynna sér meðal annars Numicon námsefnið.

Skipulagsdagarnir verða:

- 15. setpember september kl. 8:00-16:00-16
- 17. nóvember kl. 8 -16
- 26. janúar kl. 8 -16
- 13. mars kl. 8 -16
- 13. maí kl. 8 -16
- 15. maí kl. 8 :00-16:00-16

## Endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsárið.

Námskeið á vegum leikskóladeildar komum við til með að sækja eins og þörf, vilji og aðstæður leyfa hverju sinni.

Skipulagsdagar verða notaðir til funda – skipulagningar og námskeiða eins og þörf verður fyrir.

Á skipulagsdögum verða örnámskeið í fjölgreindum þar sem reyndir fjölgreindarkennarar leiðbeina þeim yngri.

## Foreldrasamstarf

### Áherslur í samstarfi við foreldra eru að

- allir foreldrar finni sig velkomna í leikskólann.
- upplýsingar til foreldra séu sem greiðastar til þess nýtum við tölvupóst meðal annars með vikulegum pistli frá deildarstjóra með myndum úr starfinu.
- foreldrar séu meðvitaðir um daglegt líf barnsins í leikskólanum.
- Fundur fyrir foreldra nýrra barna í júní þar sem við kynnum leikskólann og áherslur okkar.
- Foreldraviðtöl við deildarstjóra eru tvisvar á árinu, í október og mars auk þess sem foreldrar geta fengið viðtal við deildarstjóra eða leikskólalastjóra þegar þörf er á.

### Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

- Í setpember september bjóða börnin foreldrum sínum á haustfagnað skólans þar sem boðið er upp á súpu sem gerð er úr grænmeti sem börnin hafa ræktað.
- Í nóvember er karladagur þar sem öllum feðrum, bræðrum og öfum er boðið að vera með okkur eina morgunstund.
- Við málum piparkökur saman eitt síðdegi í desember þar sem börnin bjóða fjölskyldu sinni að vera með.
- Í mars er kvennadagur þar sem öllum mæðrum, systur og ömmum er boðið að vera með okkur eina morgunstund.
- Öllum foreldrum er boðið með í sveitarferð í maí.
- Foreldrafélög Núps og Lindaskóla skipuleggja sameiginlega vorhátíð í byrjun júní.

## Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Foreldrar nýrra barna fá allir kynningarrit leikskólans, kynningarrit um fjölgreindir og einnig upplýsingablöð um starfsemi foreldraráðs og foreldrafélags Núps.

- Nýjir foreldrar eru boðaðir á kynningarfund sem haldin er í júní.
- Kynningar á vetrarstarfi leikskólans verða í september og október.:
- Aðalfundur foreldrafélagsins er í september .
- Deildarstjórar senda foreldrum vikulega smá pistil um starfið framundan með myndum úr starfi síðustu viku. Stefnt er að því að auka upplýsingastreymi til foreldra um heimasíðu.

## Foreldraráð

### Samsetning foreldraráðs

- 3-4Þrír til fjórir fulltrúar foreldra sem kosnir eru með í alsherjaratkvæðagreiðslu meðal foreldra á aðalfundi foreldrafélags Núps.
- leikskólastjóri.
- einn fulltrúi kennara sem kosinn er með í alsherjar atkvæðagreiðslu meðal kennara er Rebekka Gylfadóttir.
- einn fulltrúi starfsmanna sem kosinn er með í alsherjaratkvæðagreiðslu meðal annarra starfsmanna er Hólmfríður Þóra Óskarsdóttir.

Ráðið er kosið í september til eins árs í senn. Fundir í foreldraráði eru haldnir annan hvern mánuð yfir vetrartímann.

### Starfsreglur foreldraráðs

- Leikskólastjóri kallar ráðið saman til fyrsta fundar fyrir 1. október ár hvert.
- Formaður og ritari ráðsins eru kosnir á fyrsta fundi ráðsins (Formaður ráðsins skal kosinn úr hópi foreldra).
- Foreldraráðið ákveður fastan fundartíma annan hvern mánuð á sínum fyrsta fundi.
- Aukafundir eru haldnir ef þurfa þykir.
- Ef tveir aðilar innan ráðsins óska eftir aukafundi skal boða til hans innan viku frá beiðni til formanns.
- Fundargerðir skulu birtar á vef skólans auk þess að senda póstsem tölvupóstur er sendur á alla foreldra og starfsmenn með link hlekk á síðustu fundargerð.
- Ráðið getur kallað til aðra foreldra eða starfsmenn á fund eða til að vinna ákveðin verkefni eftir þörfum hverju sinni.

### Verkefni foreldraráðs

- Mat á leikskólastarfinu
- Þróunarverkefni
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Skóladagatal
- Vandamál tengd mannekle og öðrum starfsmannamálum
- Foreldrasamstarf
- Aðbúnaður barna og starfsmanna
- Stefna skólans
- Heimsíða skólans
- Sérkennsla



## Foreldrafélag

Foreldrafélag leikskólans kys sér stjórn á aðalfundi félagsins sem er í lok september. Stjórnin fundar einu sinni í mánuði, tengiliður starfsfólks í stjórn foreldrafélagsins er Bryndís E. Eggertsdóttir. Foreldrafélagið stendur fyrir uppákomum s.s. leiksýningum og sveitaferð auk þess að skipuleggja sumarhátíð.

## Samstarf

### Samstarf við grunnskóla

Samstarf við Lindaskóla hefur verið skipulagt í samvinnu Núps, Dals og Lindaskóla. Byrjað er á heimsókn Meistara í Lindaskóla í september. Í október koma fyrstu bekkingar í heimsókn í leikskólann. 8. nóvember er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu og ganga skólarnir að því tilefni saman um hverfið (allir árgangar nema tveir yngstu þ.e. 2012 og 2013).

Í desember heimsækja meistarar Lindaskóla. Byrjar sú heimsókn á útivist. Börnin fara í hefðbundinn tíma síðan íþróttir og enda í hádegismat.

Í janúar fara meistarar í samstund fyrstu bekkinga í Lindaskóla þar sem þau fylgast með atriðum 1. bekkinga og stíga síðan sjálf fram og syngja lög fyrir Lindaskólabörnin.

Í febrúar fara meistarar í heimsókn í dægradvölinu þar sem umsjónamaður dægravalar tekur á mótí þeim.

Í apríl fara meistarar aftur í heimsókn þar sem dagskráin verður sú sama og í desember heimsókninni.

Í maí sláum við síðan lokapunktin í vetrarsamvinnu skólastigana (meistara og fyrstu bekkinga) og förum saman í útikennslu.

Dægradvölin er opin leikskólunum til afnota á mánudagsmorgnum og munu meistarar nýta sér það. Samstarf skólastigana hefur verið mjög gott og aukist ár frá ári. Í fyrra fóru leikskólabörnin í fjórar heimsóknir í Lindaskóla en í ár verða þær sex.

Deildarstjórar Brekku og Höfða sjá að mestu leyti um samskiptin við Lindaskóla en skólastjóri Núps er einnig í samskiptum við skólastjóra Lindaskóla og Dals vegna samræmingar skipulagsdaga o.fl.

### Samstarf við aðra

Samstarf við sérfræðinga vegna sérkennslubarna fer eftir aðstæðum og þörfum hverju sinni.

Sérkennslustjóri sér að mestu um þessi samskipti.

Við eigum einnig gott samstarf við leikskólann Dal meðal annars um Sólstöðuhátíð o.fl..

## Nemar

Við höfum gert samstarfssamning við Kennaraháskóla Íslands um menntun kennara. Enginn nemi var hjá okkur síðastliðinn vetur og ekki er fyrirsjánlegt að við fáum nema þetta árið.

## Öryggismál

Öryggistrúnaðarmaður er Sif Jónsdóttir, öryggisvörður er Svana Kristindóttir og Sigurlína B. Hauksdóttir er hennar staðgengill.

Unnið er eftir áætlun um slysavarnir ef barn slasast.



Daglega er farið yfir garðinn áður en börnin fara út til að tryggja að hann sé öruggur. Á skipulagsdegi í vetur var farið yfir rýmingaráætlun skólans. Brunaæfingar verða gerðar með reglulegu millibili.

## Lokaorð

Staðan í starfsmannamálum hefur verið frekar erfið í haust. Í samarlokuninni kláraðist að ráða í allar stöður og voru bréf send foreldrum nýrra barna með tímasetningum um hvenær börnin gætugátu byrjað í skólanum. Strax og við opnuðum eftir sumarfrí kom uppsögn á borðið og einn starfsmaður lagðist í langtíma veikindi og er ekki fyrir séð hvenær eða hvort hann kemur til baka. Þurfti því að auglýsa aftur eftir fólki og voru heldur rýr viðbrögðin við þeim. Lentum við í því að fá fólk sem sem fékk ágætis meðmæli en var síðan ekki að höndla starfið þoldi ekki álagið í starfinu og hætti strax aftur. Það er ekki fyrr en um miðjan október sem kláraðist að manna allar stöður.

Mikil breyting verður í aldursamsetningu skólans í vetur þar sem skólinn yngist mjög. Við verðum samt áfram með stóra hópa á eldri gangi þ.e. 25 og 26 börn á deild í stað 24 sem er mjög æskileg hópastærð miðað við húsnæðið. Á yngri gangi erum við með 5 fimm árs gömulárgömul börn sem gerir okkur starfið þar erfiðara og þurftum við leggjast í talsverðar breytingar á skipulagi starfsins til að komast á móts við þennan aldursþóp. Á Lundi, yngstu deildinni eru núna eingöngu börn fædd 2013 en síðasta ár var helmingur deildarinnar árgömul. Einnig hefur vistunartími barnanna aukist til muna.

Starfið sl. vetur gekk vel og féll sú breyting sem við gerðum á starfinu vel í flesta. Áfram verður haldið með það starf en breytt þó eins og lesa má hér framar í áætluninni. Við munum að sjálfsögðu halda áfram með fjölgreindirnar en þær eiga að vera kjarninn í öllu okkar skólastarfi. Við munum halda áfram með umhverfismenntina og þar bætum við við flokkun á sorpi ásamt því að foreldrar koma sjálfir með poka að heiman fyrir óhrein föt barna sinna. Við hvetjum foreldra að sjálfsögðu til að koma með margnota poka t.d. sundpoka til þessara nota. Nýjungar í skólastarfinu er svo jóga sem við horfum bjartsýn á að muni koma vel út því ekki veitir okkur af því að kunna slökun í okkar hraða samfélagi.